



VERÐLAGSSTOFA
SKIPTAVERÐS

Makrill – Hráefni og afurðir

Verðsamanburður milli Íslands og Noregs

Inngangur

Inngangur


Makrill hefur verið veiddur í miklu mæli við Ísland í meira en áratug. Makrillinn hefur ýmist verið veiddur af vinnsluskipum sem frysta aflann um borð og eða af öðrum skipum sem flytja aflann kældan sem hráefni til frekari vinnslu og bræðslu í landi.

Eftirfarandi eru upplýsingar um meðalverð á makríl sem er landað til frekari vinnslu til manneldis í landi eða bræðslu og afurðaverð á helstu afurðaflokkum makríls.

Forsendur

Verðupplýsingar makríls á Íslandi eru unnar upp úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum innsendum af aflakaupa til Fiskistofu. Aðeins eru notaðar upplýsingar frá fyrirtækjum á Íslandi sem kaupa afla (hráefni) í beinum viðskiptum af innlendum skipum og sem reka landvinnslu og bræðslu. Vinnsluskip og smábátar, flokkað undir „annað“ á mynd 1, eru ekki tekin með.

Eftirfarandi verðupplýsingar fyrir makríl í Noregi byggjast á upplýsingum frá Norges Sildesalgslag og eiga við um norsk skip sem landa makríl til frekari vinnslu eða bræðslu í Noregi. Meðalgengi (miðgengi) NOK/ISK er notað til að skipta yfir í íslenskar krónur.




Mynd 1. Hlutfallsleg skipting eftir ráðstöfun.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Hráefnisverð

Makrill óháð ráðstöfun

Á árinu 2018 er meðalverð á öllum makríl (til bræðslu og vinnslu) 294% hærra í Noregi en á Íslandi. Minnsti munur á milli landanna á tímabilinu var árið 2014 en þá var verðið 154% hærra í Noregi.




Mynd 2. Meðalhráefnisverð á makríl til vinnslu og bræðslu.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Hráefnisverð

Makrill til vinnslu

Á tímabilinu 2012 – 2018 er meðalverð á makríl til vinnslu að meðaltali 226% hærra í Noregi. Á árinu 2018 var mesti munur og var meðalverð 277% hærra í Noregi en á Íslandi. Á árinu 2014 var minnsti munur á milli landanna á tímabilinu og var verðið 143% hærra í Noregi en á Íslandi.




Mynd 3. Meðalhráefnisverð á makríl til vinnslu.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Hráefnisverð

Makrill í bræðslu

Á árinu 2017 er meðalhráefnisverð á makríl til bræðslu 10% hærra í Noregi en á Íslandi en það ár var minnsti munur á milli landanna á meðalhráefnisverði til bræðslu á tímabilinu. Á árinu 2018 eykst munurinn aftur og er meðalhráefnisverð til bræðslu þá 43% hærra í Noregi en á Íslandi. Yfir tímabilið er verð á makríl til bræðslu að meðaltali 21% hærra í Noregi.




Mynd 4. Meðalhráefnisverð á makríl í bræðslu.
Heimildir: Fiskistofa og Norges Sildesalgslag.

Afurðaverð

Makrill: Heilfrystur makrill og án hauss

Meðalverð á heilfrystum makríl og hausskornum makríl flutt út frá Noregi er um 18% hærra en meðalverð á sambærilegum afurðum útfluttum frá Íslandi. Mesti munur er árið 2016 en þá er meðalverðið 27% hærra á afurðunum frá Noregi en frá Íslandi. Noregur er 10% hærri árið 2017 sem er minnsti munur á tímabilinu.




Mynd 5. Heilfrystur og hausskorinn makrill. Afurðaverð.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Statistics Norway

Afurðaverð

Makríflök

Meðalverð á makríflökum flutt út frá Noregi er að meðaltali 51% hærra en á makríflökum sem flutt eru út frá Íslandi. Mesti munur er árið 2018 en þá er meðalverð 62% hærra á norskum afurðum.



Mynd 6. Makríflök. Afurðaverð.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Statistics Norway